

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Einingar
bókagerð	BÓKA1BB01				1
formfræði	FORM1FH02	FORM2bM03			5
hugmyndavinna	HUGM1SB01	HUGM2RS01			2
listasaga			LIST3NL02		4
			LIST3ISL02		
litafræði	LITA1EV03	LITA2MS03			6
menningarlæsi		MENL2LG02			2
miðlun		MIÐL2LM06	MIÐL3SV04		10
módelteikning	MÓDE1TM02	MÓDE2HA02			4
möppugerð		MAPP2FM01	MAPP3NU01		2
nám og starf	STAR1NS02				2
teikning	TEIK1FM04		TEIK3RT06		10
verkstæði	VSTÆ1AA01		VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	12
	16	18	20	6	60
Hlutfall eininga á þrepum í kjarna					
	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	
	27%	30%	33%	10%	

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

BÓKA1BB01

Námsgrein: **Bókagerð**

BÓKA1BB01 – **Bókband og bókverk**

Lýsing

Í áfanganum eru helstu undirstöðuaðferðir við bókagerð kynntar. Nemendur kynnast hefðbundnum efnum og áhöldum til bókagerðar sem og eiginleikum mismunandi pappírs, kartons og aðferða við samsetningu bóka. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð en jafnframt persónulega nálgun við verkefnið. Nemendur skoða uppsetningu og frágang bóka eftir ýmsa hönnuði. Einnig er fjallað er um bókverkið sem listaverk og sýnd dæmi um bókverk eftir ýmsa myndlistarmenn.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- margvíslegum tegundum bóka og bókverka,
- mismunandi efnum og aðferðum við bókagerð,
- listgildi bókverka.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með mismunandi efni og áhöld til bókagerðar,
- tefla saman innihaldi og útliti bókar.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- búa til einfalt bókverk þar sem hugmynd, útlit og frágangur spila saman.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

FORM1FH02

Námsgrein: **Formfræði**

FORM1FH02 – **Form og hlutföll**

Lýsing

Í áfanganum er unnið með form og hlutföll á tvívíðum fleti. Nemendur kynnast ýmsum aðferðum við myndbyggingu og kanna ólík sjónræn áhrif þeirra. Fjallað er um ýmsar andstæður s.s. jafnvægi/ójafnvægi, léttleika/þyngd, samstæður/andstæður. Nemendur velta fyrir sér stærð og hlutföllum, endurtekningu, takti og mynstri. Í fyrstu er sjónum beint að frumformum og óhlutbundnum formum en smám saman eykst fjölbreytni verkefna og við lok áfanga vinna nemendur verkefni sem þeir geta sniðið að eigin áhugasviði hvort sem það er myndlist, hönnun, arkitektúr, tónlist o.s.frv. Verkefni í myndbyggingu eru einnig tengd dæmum úr listasögu og umhverfi samtímans. Markvisst er unnið með skissubók.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um helstu lykilverk listasögunnar frá fornöld til endurreisnar, bæði skriflega og í umræðum,
- fjalla um tengsl sögulegra atburða og breytinga á sviði menningar og lista,
- umgangast heimildir af ábyrgð,
- skrifa lipran og læsilegan texta um listaverk og listasögu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita lögmálum tvívíðrar formfræði í verkefnum sínum,
- vinna með ólík verkfæri og efni, s.s. blek, túss, pensla og penna,
- vinna óhlutbundið með form, línur, fleti, áferð, mynstur o.fl.,
- greina eigin verk og annarra út frá hugtökum formfræðinnar,
- nota skissubók sem verkfæri til skráningar og yfirlits yfir þróun á viðfangsefninu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með byggingu og „rými“ myndflatar á frjóan og persónulegan hátt,
- vinna með myndbyggingu og gera fjölbreyttar athuganir á skiptingu og karakter tvívíðs flatar,
- fjalla um eigin verk og verk annarra með greinandi/gagnrýnum hætti út frá hugmyndum formfræðinnar,
- greina ólík dæmi úr lista- og hönnunarsögunni og útskýra fyrir öðrum með orðum og hugtökum formfræðinnar hvernig myndflöturinn er uppbyggður.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2PM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓÐE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

FORM2PM03

Námsgrein: **Formfræði**

FORM2PM03 – **Þrívíð myndgerð**

Lýsing

Í áfanganum eru ýmsir þættir þrívíðrar myndgerðar kannaðir. Nemendur gera tilraunir í tilbúnu rými (líkani) en einnig er unnið er með form í raunverulegu rými, innan skólans og utan. Nemendur skoða bæði geómetrísk og lífræn form og kanna samspil þeirra við aðra þætti, s.s. lit, áferð og jafnvel hljóð. Nemendur vinna með fjölbreyttan efnivið og skoða m.a. hvernig eiginleikar og virkni efna breytast í samspili við önnur efni. Nemendur kynnast því hvernig unnið er með rými í samtímamyndlist, hönnun, arkitektúr, leikhúsi og kvikmyndum.

Forkröfur: FORM1FH03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ýmsum lögmálum formfræðinnar um þrívíða myndgerð,
- hugtökum á borð við jákvætt og neikvætt rými, áferð, skúlptúr, lágmynd, massi og spenna,
- þrívíðum verkum og rýmisverkum í lista- og hönnunarsögu,
- mismunandi efni til þrívíðrar myndgerðar, t.d. vír, gipsi og leir.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að vinna með þrívíða myndgerð á fjölbreyttan og áhugaverðan hátt,
- vinna með mismunandi form, lit og efni og átta sig á virkni þeirra og samspili,
- færa tvívíð form yfir í þrívídd,
- greina eigin verk og verk annarra út frá lögmálum þrívíðrar formfræði.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skapa þrívíð verk / rýmisverk úr ólíkum efnum á persónulegan hátt,
- taka afstöðu til eigin úrlausna og annarra í uppbyggilegri og gagnrýnni samræðu,
- greina ólík dæmi um þrívíð verk/rýmisverk úr lista- og hönnunarsögunni og útskýra uppbyggingu þeirra fyrir öðrum með orðum og hugtökum formfræðinnar.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

HUGM1SB01

Námsgrein: **Hugmyndavinna**

HUGM1SB01 – **Skissubók**

Lýsing

Í áfanganum kynnast nemendur ýmsum leiðum til að móta og þróa hugmyndir og styrkja myndhugsun og myndmál. Höfðað er til hugmyndaauðgi nemenda og er áhersla lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum. Sýnd verða dæmi um skissubækur listamanna og hönnuða. Nemendur leysa ýmis verkefni og vinna á fjölbreyttan hátt með skissubók.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda til skissuvinnu,
- mismunandi aðferðum við hugmynda- og skissuvinnu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að þróa hugmyndir sínar áfram og vinna úr þeim á sjálfstæðan hátt,
- setja hugmyndir sínar í samhengi við umfjöllunarefni hverju sinni.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmynd út frá kveikju,
- dýpka hugmyndavinnu með því að nota skissubók,
- nýta sér mismunandi aðferðir til þess að örva flæði hugmynda, bæta úrvinnslu og persónuleg efnistöð.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓÐÉ1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

LIST3NL02

Námsgrein: **Listasaga**

LIST3NL02 – Nútímalist

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um tímabilið frá miðri 19. öld og fram yfir seinni heimstyrjöld. Nemendur kynnast helstu straumum og stefnum í myndlist tímabilsins og rýna í samhengi listarinnar við sögulega atburði, stjórnarfar, vísindalega þekkingu, trúarbrögð og menningarlíf. Nemendur skoða ýmis lykilverk myndlistarinnar og fá innsýn í helstu stefnur og strauma í hönnun á tímabilinu. Nemendur öðlast þjálfun í að greina sjónræna þætti á gagnrýninn hátt. Áfanginn veitir nemandanum góða yfirsýn á listasögu tímabilsins og eflir vitund um mikilvægi sögunnar í verklegu listnámi og eigin listsköpun í framtíðinni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu straumum og stefnum í myndlist tímabilsins frá miðri 19. öld og fram yfir seinni heimstyrjöld,
- samhengi listarinnar við sögulega atburði, stjórnarfar, vísindalega þekkingu, trúarbrögð og menningarlíf,
- ýmsum lykilverkum myndlistarinnar og helstu stefnum og straumum í hönnun á tímabilinu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina sjónræna þætti á gagnrýninn hátt,
- nota fjölbreytt orð og hugtök um listir í umræðum og skriflegum rannsóknaræfingum,
- fjalla af þekkingu og víðsýni um helstu lykilverk lista- og hönnunarsögu frá iðnbyltingu til samtímans,
- skrifa skýran og greinandi texta um samhengi sögulegra atburða, trúarlegra og menningarlegra breytinga.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina helstu strauma og stefnum í myndlist tímabilsins og rýna í samhengi listarinnar við sögulega atburði, stjórnarfar, vísindalega þekkingu, trúarbrögð og menningarlíf,
- gera sér grein fyrir mikilvægi þekkingar á sögunni í verklegu listnámi og allri listsköpun.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

LITA1EV03

Námsgrein: **Litafræði**

LITA1EV03 – **Eiginleikar og virkni**

Lýsing

Markmið áfangans er að nemendur kynnist eiginleikum og virkni lita. Unnið er með grunnlitina þrjá, svart og hvítt. Nemendur vinna margvísleg verkefni undir leiðsögn kennara, blanda liti, kanna ljósmagn, litatóna, vægi og innbyrðis áhrif og virkni lita í umhverfi. Þá rannsaka nemendur andstæður og samstæður og þátt litarins í myndbyggingu og fjarvídd.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- litahringnum út frá þremur frumlitum,
- ljósmagni lita, grátónaskala og litatónum,
- eiginleikum lita, heitra og kaldra, andstæðra og samstæðra og áhrifum lita á myndbyggingu og fjarvídd,
- helstu kenningum um eðli lita, hvernig litir verða til og hvernig við skynjum þá.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- blanda liti og vinna markvisst með litatóna og ljósmagn lita,
- beita markvissri litanotkun í myndbyggingu,
- vinna með grátónaskala,
- skapa fjarvídd með litum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- blanda liti og nota á markvissan hátt við gerð persónulegra myndverka,
- koma auga á þætti í myndlistar- og hönnunarverkum sem mótast sérstaklega af litanotkun,
- greina samhengi milli viðfangsefnis og litanotkun í lista- og hönnunarverk.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

MENL2LG02

Námsgrein: **Menningarlæsi**

MENL2LG02 – **Listgildi**

Lýsing

Í áfanganum kynnast nemendur fagurfræði og listaheimspeki, þeim greinum heimspekinnar sem fjalla um fegurðina og listirnar. Nemendur skoða listir og menningu fortíðar og samtíma í ljósi heimspekilegra kenninga um listir, læra hugtök og kynnast ólíkum hugmyndum um hvernig listgildi hluta er metið. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér gagnrýni og víðsýni í umfjöllun um menningu og listir. Nemendur þjálfast í að túlka huglægan texta og myndmál, greina og gagnrýna fræðilegar upplýsingar og setja í samhengi við verklega hluta námsins með það fyrir augum að geta tekið þátt í margsambrotinni og frjórri umræðu og fært rök fyrir skoðunum sínum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu kennimönnum heimspekinnar sem fjalla um fagurfræði og listheimspeki,
- mikilvægum hugtökum sem heimspekin beitir til að greina listir og menningu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algengustu hugtök og orðaforða fagurfræðinnar,
- túlka hugmyndir og menningarlegt umhverfi sitt og gera því skil í umræðum, skriflega og myndrænt.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um listir og menningu á heimspekilegan hátt, munnlega jafnt sem skriflega,
- setja kenningar um listgildi og fagurfræði í myndrænt og skriflegt samhengi.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

MIÐL2LM06

Námsgrein: **Miðlun**

MIÐL2LM06 – **Ljósmyndun og stafræn myndvinnsla**

Lýsing

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði ljósmyndunar, bæði á stafrænar myndavélar og filmuvélar, og kynnast helstu tæknilegum þáttum myndatöku. Þeir vinna með hefðbundnar aðferðir í mykraherbergi, framkalla filmur og stækka ljósmyndir. Nemendur læra jafnframt stafræna myndvinnslu, meðal annars lagskiptingu, litaleiðréttingu og birtustillingar, auk þess að velja viðeigandi skráarsnið fyrir ólíka miðla. Einnig kynnast þeir sögu ljósmyndunar og helstu ljósmyndurum miðilsins. Í myndvinnsluhluta áfangans vinna nemendur með myndir og texta við gerð veggspjalda, bæklinga og einfaldra vefsíðna. Áhersla er lögð á sjónræna framsetningu, skapandi vinnubrögð og frágang efnis fyrir prentun og stafræna birtingu. Í gegnum fjölbreytt verkefni þjálfar nemendur tæknilega færni sína, skapandi hugsun, frumkvæði og persónuleg vinnubrögð. Jafnframt kynnast þeir helstu frjálsu hugbúnaðarlausnum á sviði myndvinnslu, hönnunar og vefgerðar sem í boði eru hverju sinni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ljósmyndavélum, myndatækni og grundvallaratriðum ljósmyndunar,
- áhrifum ljóss, lýsingar og myndtökuaðferða á ljósmyndir,
- hefðbundinni og stafrænni vinnslu ljósmynda,
- grunnatriðum myndvinnslu, hönnunar og framsetningar stafræns efnis,
- sögu ljósmyndunar, helstu ljósmyndurum og lykilverkum miðilsins.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja sjónarhorn og mynddrama myndavélar í samræmi við verkefni,
- stilla myndavél í samræmi við tilgang myndatöku, aðstæður og lýsingu,
- skipuleggja verkefni sem krefjast hugarflugs og úrvinnslu,
- vinna með stafrænar myndir í myndvinnsluforritum,
- vinna með mynd og texta í hönnunarforritum,
- að setja myndefni og texta á vefsíðu,
- velja viðeigandi forrit til að setja fram verkefni sín.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- stilla myndavél og beita ljósmyndatækni markvisst,
- skapa ljósmyndaverk sem endurspeгла ákveðið yfirbragð eða hugmynd,
- vinna sjálfstætt og skapandi með myndvinnslu- og hönnunarforrit,
- fullvinna verk til prentunar eða stafrænnar birtingar,
- ræða og meta eigin verk og verk annarra á gagnrýnninn hátt.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

MÓDE1TM02

Námsgrein: **Módelteikning**

MÓDE1TM02 – Teikning og mælingar

Lýsing

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á þeim þáttum sem mestu skipta við teikningu mannslíkama. Nemendur tileinka sér aðferðir til að mæla hlutföll mannslíkamans. Ýmist eru teiknaðar styttri stöður móðels þar sem áherslan er á heildarsýn eða lengri stöður sem útheimta vandaðri mælingar og meiri nákvæmni. Nemendur skoða dæmi úr listasögu og samtíma um það hvernig mannslíkaminn hefur verið ríkjandi viðfangsefni myndlistarmanna og hönnuða í gegnum tíðina.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því hvernig lína, form og skuggi móta teikningu,
- aðferðum til að mæla stærðir og hlutföll og byggja upp mynd af líkamanum,
- dæmum úr listasögunni þar sem módel er ráðandi þáttur.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- mæla hlutföll mannslíkamans og sjá og skilgreina form hans,
- beita fjölbreyttri línu og skyggingu til að móta mannslíkamann með teikningu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- staðsetja módel í rými og teikna mannslíkamann í réttum hlutföllum,
- greina og ræða um ólík dæmi úr listasögunni þar sem módel er ráðandi þáttur.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

MAPP2FM01

Námsgrein: Möppugerð

MAPP2FM01 – Ferilmappa

Lýsing

Í áfanganum kynnst nemendur ýmsum aðferðum við að búa til ferilmöppu. Nemendur safna saman verkefnum sem þeir hafa unnið á námstímabilinu og verkum sem unnin hafa verið utan skólatíma. Nemendur skrifa texta sem endurspeglar persónulega sýn á eigin styrk og væntingar til náms og starfa í framtíðinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti þekkingu sína í uppsetningu á texta og myndum í tölvu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi leiðum til að setja upplýsingar og myndir af verkum fram í listrænni ferilmöppu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja leið og miðil fyrir persónulega ferilmöppu sem þjónar verkum hans og áformum,
- setja upp myndir og texta í tölvuforritum t.d. InDesign en líka í frjálsum forritum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útbúa heildstæða möppu sem endurspeglar styrk og listræna sýn.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

STAR1NS02

Námsgrein: **Starfsumhverfi**

STAR1NS02 - **Nám og störf**

Lýsing

Í áfanganum skoða nemendur margvíslega möguleika á starfsferli sem beint og óbeint byggir á námi í sjónlistum. Starfsumhverfi myndlistar, hönnunar og arkitektúrs er kannað og snertifletir þessara listgreina við aðrar greinar skoðaðir. Nemendur kanna námsmöguleika er tengjast listum, innanlands sem utan, og skoða jafnframt ýmsa hagnýta þætti, s.s. aðstæður til búsetu og félagslegan stuðning við námsmenn á viðkomandi stað. Áhersla er lögð á að nemendur deili þekkingu sinni hverjir með öðrum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- margvíslegum möguleikum í starfsumhverfi sjónlista,
- umsóknarferli háskóla í ýmsum löndum,
- aðstæðum til búsetu og náms á ýmsum stöðum í heiminum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla sér upplýsinga um nám og ýmislegt sem varðar búsetu og félagslegar aðstæður fólks á ólíkum stöðum í heiminum,
- skrifa skýran og greinargóðan texta um niðurstöður könnunar sinnar,
- kynna niðurstöður sínar fyrir öðrum á greinargóðan og áhugaverðan hátt.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir möguleikum sem frekara nám hefur í för með sér,
- skrifa skýran og áhugaverðan texta um ákveðið efni og kynna fyrir öðrum.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

TEIK1FM04

Námsgrein: **Teikning**

TEIK1FM04 – **Fjarvídd og mælingar**

Lýsing

Markmið áfangans er að nemendur læri grundvallaratriði í teikningu. Lögð er áhersla á að þjálfra formskilning nemenda með greiningu einfaldra forma. Nemendur fá þjálfun í mælingum og læra um forsendur fjarvíddar í teikningu, út frá einum hvarfpunkti og tveimur. Grunnþættir teikningarinnar, lína, ljós og skuggi, eru kannaðir. Nemandinn mælir og greinir form hlutanna, einfaldra hluta í fyrstu en flóknari forma eftir því sem á áfangann líður. Í fyrstu er unnið með samsíða vídd en síðan tileinkar nemandinn sér reglur fjarvíddar í teikningu sem gera kleift að teikna rúmtak hluta, sýna dýpt á myndfleti og koma til skila flóknari samsetningum, s.s. að gera grein fyrir staðsetningu hluta í umhverfi.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunneigindum teikningarinnar, línu, ljósi og skugga,
- því hvernig teikna má einföld form í samsíða vídd,
- því hvernig gera má grein fyrir rúmtaki hluta og dýpt í myndfleti með því að nota reglur fjarvíddar í teikningu, bæði út frá einum hvarfpunkti og tveimur,
- fjölbreyttum möguleikum teikningarinnar,
- því hvernig þróun hugmynda mannsins um fjarvídd í teikningu speglast í listasögunni.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- mæla stærðir og hlutföll með aðferðum sem kenndar eru í áfanganum,
- beita lögmálum fjarvíddar til þess að koma mynd af hlut með rúmtak fyrir á tvívíðum fleti,
- túlka eigin hugmyndir og skoðanir með teikningu á sannfærandi hátt,
- nota teikningu við rannsókn á umhverfi/rými.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina form hlutar, mæla það og gera grein fyrir niðurstöðum sínum með teikningu,
- gera teikningar af hlutum og rými sem endurspeгла fyrirmyndina með sannfærandi hætti,
- kanna margvíslegar persónulegar uppsprettur og innblástur til sköpunar,
- nota teikningu til að miðla hugmyndum, t.d. í skissubók,
- vinna á sjálfstæðan og persónulegan hátt að verki sínu allt frá skissu að fullgerðri teikningu,
- fjalla um eigin verk og annarra og tengja við verk úr lista- og hönnunarsögunni með greinandi hætti.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

1. önn (haust) – 13 áfangar. 30 einingar

BÓKA1BB01	FORM1FH02	FORM2BM03	HUGM1SB01	LIST3NL02	LITA1EV03	MENL2LG02
MIÐL2LM06	MÓDE1TM02	MAPP2FM01	STAR1NS02	TEIK1FM04	VSTÆ1AA01	

VSTÆ1AA01

Námsgrein: **Verkstæði**

VSTÆ1AA01 – **Verkstæðisdagar**

Lýsing

Nemandinn velur nokkur verkstæði en á Verkstæðisdögum miðast kennslan á hverju verkstæði við einn dag. Leitast er við að bjóða jöfnum höndum upp á fornar sem nýjar aðferðir og er markmiðið að veita nemandanum innsýn í fjölbreytta og óvænta tækni á sviði listhandverks og víkka út áhugann og fjölga tölunum í verkfærakistu nemandans.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum og ólíkum miðlum fyrir listsköpun og hönnun,
- ólíkum eiginleikum ýmissa efna og tæknibragða sem eru nota má í myndsköpun og hönnun.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja sér miðil sem hentar persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum,
- nýta sér upplýsingar um eiginleika ólíkra miðla og gera tilraunir með efni og aðferðir.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til þess að skapa persónuleg og frumleg verk.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

HUGM2RS01

Námsgrein: **Hugmyndavinna**

HUGM2RS01 – **Rannsóknir**

Lýsing

Í áfanganum fá nemendur frekari þjálfun í að móta og þróa hugmyndir og myndmál. Áhersla er lögð á að kynna skipulegar rannsóknaraðferðir sem ýmsir listamenn og hönnuðir beita í skapandi starfi. Sýnd verða dæmi um skissubækur listamanna og hönnuða. Nemendur leysa ýmis verkefni og vinna á fjölbreyttan hátt með skissubók.

Forkröfur: HUGM1SB01

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda til skissuvinnu,
- skipulegum rannsóknaraðferðum við hugmynda- og skissuvinnu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að þróa hugmyndir sínar áfram og vinna úr þeim með skipulegum hætti,
- setja hugmyndir sínar í samhengi við umfjöllunarefni hverju sinni.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmynd út frá kveikju,
- dýpka hugmyndavinnu með því að nota skissubók,
- nýta sér skipulegar rannsóknaraðferðir til þess að skerpa á og halda utan um hugmyndir, bæta úrvinnslu og persónuleg efnistöð í skapandi starfi.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

LIST3SL02

Námsgrein: **Listasaga**

LIST3SL02 – **Samtímalist**

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um þróun alþjóðlegrar myndlistar frá árinu 1960 til samtímans. Horft er til helstu liststefna, -strauma og -hreyfinga er mótað hafa tímabilið og hafa að mörgu leyti kollvarpað fyrri hugmyndum okkar um eðli og hlutverk listarinnar. Rýnt er í fjölpætt efnistök, tækni og aðferðir samtímamyndlistar, þar sem verk einstakra listamanna eru sett í samhengi við þær menningarlegu, heimspekilegu og sögulegu forsendur er liggja þeim til grundvallar. Námskeiðinu er ætlað að opna umræðuna um samtíma myndlist og listasögu, í tilraun til að takast á við þær meginhugmyndir og -kenningar er mótað hafa myndlistarumræðu síðustu ára.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun alþjóðlegrar myndlistar frá árinu 1960 til samtímans,
- helstu listaverkum, listamönnum, straumum og stefnum tímabilsins,
- fjölpættum efnistökm, tækni og aðferðum samtímamyndlistar,
- sérhæfðum orðaforða og hugtökum sem notuð eru í umfjöllun um samtímalistasögu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja verk einstakra listamanna í samhengi við þær menningarlegu, heimspekilegu og sögulegu forsendur er liggja þeim til grundvallar,
- greina og fjalla um listir og menningu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- takast á við meginhugmyndir og -kenningar er mótað hafa myndlistarumræðu síðustu ára
- öðlast grundvallarskilning og þekkingu á rótum vestrænnar samtímalistar.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

LITA2MS03

Námsgrein: **Litafræði**

LITA2MS03 – **Merking og skynjun**

Lýsing

Markmið áfangans er að nemendur dýpki skilning sinn eiginleikum og virkni lita og fái þjálfun í lestri myndmáls. Nemendur kynnast sálfræði skynjunar, eðlis- og efnafræði ljóss og lita og læra aðferðir til að kalla fram tilfinningar, dýpt í rými og stemmningu með notkun ljóss og lita. Nemendur fá kynningu á því hvernig unnið er með liti á ólíkum vettvangi sjónlista. Áfanganum lýkur með sjálfstæðu verkefni. Lögð er áhersla á að nemendur geri grein fyrir verkum sínum og taki virkan þátt í umræðum hópsins. Forkröfur: LITA1EV03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkri virkni lita í rými,
- táknrænni merkingu lita í myndmáli,
- eðlisfræði ljóss og lita,
- markvissri litanotkun í myndlist, hönnun, leikhúsi og kvikmyndum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- blanda og nota liti á meðvitaðan og persónulegan hátt, í tvívíðri vinnu og vinnu í rými,
- vinna með fjölbreytt litarefni í tengslum við fjölbreytt efni, ljós og rými.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota liti með markvissum hætti í myndbyggingu,
- kalla fram tilfinningar eða stemmningu með markvissri litanotkun,
- gera grein fyrir vinnuferli og taka afstöðu til persónulegrar litanotkunar sinnar og litanotkunar samnemenda sinna.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

MIÐL3SV04

Námsgrein: **Miðlun**

MIÐL3SV04 – **Sjálfstætt verkefni**

Lýsing

Markmið áfangans er að nemendur nýti kunnáttu sína í miðlun til að vinna sjálfstætt verkefni undir leiðsögn kennara. Nemendur velja miðil sem þeir vilja kynnst betur og vinna með stafræna ljósmyndun eða filmu, grafísk verkfæri eða myndvinnsluforrit, myndband eða hljóð. Útkoman getur verið tví- eða þrívítt prentað efni, myndbands- eða hljóðverk. Nemendur eru hvattir til að dýpka skilning sinn og reynslu af viðkomandi miðli en verkefnin mega tengjast hverju sem er, hönnun, myndlist eða arkitektúr.

Forkröfur: MIÐL2LM06

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ferli sjálfstæðrar verkefnavinnu hvort sem um er að ræða ljósmyndaverk, gerð tvívíðs eða þrívíðs prentefnis, myndbands- eða hljóðverks.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna sjálfstætt með þann miðil sem hann velur sér,
- velja viðeigandi verkfæri eða forrit,
- ganga frá myndefni eða hljóði til birtingar.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á sjálfstæðan og skapandi hátt með margvísleg verkfæri og forrit til vinnslu og framsetningar á eigin hugmyndum og verkum,
- fjalla á vitsmunalegan hátt um eigin verk og hugmyndir, sem og hugmyndir og verk annarra.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

MÓDE2HA02

Námsgrein: **Módelteikning**

MÓDE2HA02 – Hlutföll, anatómía og þrívíð mótun

Lýsing

Áfanginn skiptist í tvennt, teikningu og leirmótun með módel sem fyrirmynd. Markmið áfangans er að auka færni nemenda í teikningu og mótun eftir módeli og dýpka skilning þeirra á þeim þáttum sem mestu skipta fyrir birtingarmynd mannslíkamans. Lögð er áhersla á anatómíu fyrir teiknara. Nemendur læra um helstu bein og vöðva sem móta mannslíkamann. Unnið er með mælingar, línu, skugga og rými. Ýmist eru teiknaðar styttri stöður eða lengri stúdúur þar sem áhersla er lögð á að koma líkamanum fyrir í umhverfi sínu með sannfærandi hætti. Markvisst er unnið með hreyfingu líkamans og þau áhrif sem hún hefur á myndina rannsökuð. Í mótun eftir módeli þjálfast nemandinn í að skoða myndina frá öllum hliðum í þeim tilgangi að niðurstaðan verði sannfærandi.

Forkröfur: MÓDE1TM02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægustu þáttum í anatómíu mannslíkamans, beina- vöðvabyggingu,
- mótun teikningar með tilliti til línu, forms og skyggingar,
- formum og þrívíddarhugsun módelmótun,
- vægi mannslíkamans sem viðfangsefni í myndlist og hönnun.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikna mannslíkamann eftir fyrirmynd á sannfærandi máta, bæði í löngum stöðum og styttri staðsetja módelið í rými teikningarinnar,
- vinna af nákvæmni og teikna t.d. pottrétt, hönd eða fót,
- rannsaka stöðu módelis frá öllum sjónarmiðum svo útkoma mótunarvinnu verði sannfærandi
- fanga hreyfingu líkamans í mynd.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera grein fyrir beina- og vöðvabyggingu mannslíkamans með teikningu,
- gera grein fyrir áhrifum hreyfingar á ásýnd mannslíkamans,
- skapa persónulegt „andrúmsloft“ í módelteikningu með markvissri notkun á rými, línu og skugga,
- vinna á markvissan hátt með sjónarhorn við móta mynd af módeli í leir.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

MAPP3NU01

Námsgrein: Möppugerð

MAPP3NU01 – Námsumsókn

Lýsing

Í áfanganum fullvinna nemendur ferilmöppu og skrifa námsumsókn. Nemendur skoða verkefni sín með kennara sem veitir ráð um val á verkum með það fyrir augum sýna sem best styrk, þekkingu, leikni og hæfni hvers nemanda.

Forkröfur: MAPP1FM01

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi leiðum til að setja fram upplýsingar og myndir af verkum í ferilmöppu,
- hvernig hægt er að byggja upp umsókn um aðgang að frekara námi.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja leið og miðil fyrir ferilmöppu sem hæfir verkum hans og persónuleika,
- setja fram upplýsingar um námsferil og koma listrænni sýn sinni og getu á framfæri.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útbúa heildstæða ferilmöppu sem kallar fram styrk og listræna sýn,
- skrifa umsókn um áframhaldandi nám þar sem bæði persónulegur styrkur hans og væntingar til framtíðar koma fram.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

TEIK3RT06

Námsgrein: **Teikning**

TEIK3RT06 – **Rannsókn og úrvinnsla**

Lýsing

Áfanginn er tvískiptur. Í fyrri hluta áfangans er leitast við að víkka út hugmyndir nemenda um eiginleika teikningarinnar og þá möguleika sem felast í því að sameina eða búa til vísanir á milli teikninga og ýmissa óhlutbundinna þátta, t.d. hljóðs eða tíma. Áhersla er lögð á að nemendur prófi sig áfram og geri tilraunir. Unnið er með hreyfingu og atburðarás í teikningu og hún teygð út fyrir tvívíða flötinn. Í síðari hluta áfangans þróa nemendur persónulega hugmynd til niðurstöðu og eru þá eindregið hvattir til að vinna verk út frá áhugasviði.

Forkröfur: TEIK3TS04

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því hvernig má miðla tilraun, rannsókn, skoðun, hugmynd, túlkun, hljóði, hreyfingu og atburðarás með teikningu á tvívíðum fleti og í rými.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera tilraunir og tjá eigin hugmyndir og skoðanir með teikningu á sannfærandi hátt,
- túlka óhlutbundna þætti á borð við hljóð og tíma í teikningu,
- teygja teikningu út fyrir tvívíða flötinn t.d. við rannsókn á umhverfi/rými.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- koma fjölbreyttum upplýsingum til skila með teikningu,
- fullvinna sjálfstætt verk sem byggir á samspili hlutbundinna og óhlutbundinna þátta,
- fjalla um eigið verk, greina það og tengja við lista- og hönnunarsögu.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

VSTÆ3HE05

Námsgrein: **Verkstæði**

VSTÆ3HE05 – **Hringekja**

Lýsing

Áfanginn skiptist í nokkra hluta en markmiðið er að nemendur dýpki þekkingu sína á fjölbreyttum möguleikum verkstæðisvinnu og vinni með ólíka miðla. Unnið er á ólíkum verkstæðum undir handleiðslu kennara. Námið er byggt á einföldum verkefnum í hverjum miðli og fleiri en ein aðferð er jafnvel kynnt í hverjum hluta. Nemendur kynnast verkum myndlistamanna, hönnuða eða annarra sérfræðinga sem geta gefið nánari sýn inn í margbrotin heim efnis og aðferða. Áfanginn er liður í undirbúningi nemandans fyrir að takast á við sjálfstætt lokaverkefni sem sett verður fram á útskriftarsýningu skólans.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra miðla fyrir listsköpun og hönnun,
- ólíkum eiginleikum fjölbreyttra efna sem gjarnan eru notuð af myndlistarmönnum og hönnuðum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja sér miðil sem hentar persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum,
- nýta sér upplýsingar um eiginleika ólíkra miðla og gera tilraunir með efni og aðferðir.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til þess að skapa persónuleg og frumleg verk.

Fornám fyrir nemendur með stúdentspróf – eins árs

2. önn (vor) – 9 áfangar. 30 einingar

HUGM2RS01	LIST3SL02	LITA2MS03	MIÐL3SV04	MÓDE2HA02
MAPP3NU01	TEIK3RT06	VSTÆ3HE05	VSTÆ4LV06	

VSTÆ4LV06

Námsgrein: **Verkstæði**

VSTÆ4LV06 – Lokaverkefni

Lýsing

Markmið áfangans er að nemendur vinni sjálfstætt að lokaverki til opinberrara sýningar. Nemendur velja sér miðil og aðferð sem þeir þekkja úr námi við skólann. Valið tekur mið af þeirri hugmynd sem hver og einn vill koma á framfæri með verki sínu. Nemendur skila skissum að verki ásamt verklýsingu og -áætlun til kennara. Í framhaldi útfæra nemendur verk sín undir handleiðslu kennara. Áfanganum lýkur með ítarlegri yfirferð þar sem nemendur kynna og ræða um verk sín og vinnuferil allt frá hugmynd að fullbúnu verki. Við yfirferðina eru viðstaddir kennarar áfangans ásamt prófdómara. Að áfanga loknum setja nemendur verk sín upp og sýna á opinberri sýningu á vegum skólans. Samhliða áfanganum eru nemendur á listnámsbraut í áfanga íslensku þar sem þau skrifa greinargerð með verkinu sínu.

Forkröfur: VSTÆ3HE05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum leiðum til sjálfstæðrar vinnu og útfærslu ólíkra hugmynda,
- helstu tækni og aðferðum þess miðils sem hann velur sér,
- því hvernig gera á raunhæfa verk- og tímaáætlun,
- því hvernig vanda má framsetningu á verki til sýningar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lýsa fyrirhuguðu verki með skissum og verkáætlunum,
- setja verk sitt fram á vandaðan og ábyrgan hátt,
- leggja mat á eigin styrk og veikleika,
- setja verk sín í samhengi við strauma og stefnur í myndlist eða hönnun.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lýsa áformum sínum um verk með skissum og áætlunum,
- fullmóta og vinna sjálfstætt listaverk sem hæft er til opinberrar sýningar,
- setja verk upp á sýningu á ábyrgan og faglegan hátt,
- leggja mat á og fjalla um úrlausnir sínar með hliðsjón af markmiðum sínum.